

**Nd.**

**338. Nefndarálit**

**[116. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Með frumvarpi þessu er ráðherra fengið í hendur viðtækt vald til að veita erlendum aðilum undanþágu til atvinnurekstrar hér á landi.

Ég er andvígur þessari stefnu og legg því til, að skýr ákvæði verði sett í frv., er takmarki þetta vald ráðherra þannig, að samþykki Alþingis þurfi hverju sinni fyrir leyfisveitingu, ef viðkomandi félag eða fyrirtæki er að hálfu eða meira í eigu erlendra aðila.

Alþingi, 30. jan. 1970.

Eðvarð Sigurðsson.